

Ákvörðun stjórnar um greiðslu úr innstæðudeild í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar

I. Inngangur

Stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) hefur, í samræmi við skyldu 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 120/2000 (einnig nefnd itrr. hér eftir), sem sett var með stoð í lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (einnig nefnd itr. hér eftir), ákveðið hvernig greiðslum úr innstæðudeild sjóðsins verður háttað í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar. Ferill útgreiðslna hófst í október 2009 með því að innstæðueigendum var sent bréf þar sem meðal annars var óskað eftir framsali á kröfum þeirra til sjóðsins. Afar fáir brugðust við bréfi TIF í það sinnið. Á sama tíma stóðu einnig yfir viðræður íslenskra stjórnvalda við hollensk og bresk stjórnvöld um lausn Icesave deilunnar. Nú er þeim viðræðum lokið án árangurs. Fjármunir sjóðsins verða nú greiddir til innstæðueigenda í samræmi við lög nr. 98/1999. Litið er svo á að erlendir tryggingarsjóðir sem leyst hafa til sín kröfur innstæðueigenda teljist til innstæðueigenda í ákvörðun þessari.

Tilgangur ákvörðunar þessarar er að afmarka það með nákvæmum hætti hvernig greiðslum verður háttað úr sjóðnum og til hvaða aðgerða verði gripið eftir að stjórn TIF hefur samþykkt hana.

Sú framkvæmd sem hér er ákveðin er byggð á lögum 98/1999 og reglugerð 120/2000 auk almennra reglna kröfurettarins og almennra laga- og lögskýringasjónarmiða þeim tilvikum þegar ekki er að finna ákvæði í lögum til að styðjast við. Þá hafa lög nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. verið höfð til hliðsjónar í ljósi þess að fyrir liggur að TIF mun ekki geta greitt öllum innstæðueigendum kröfur sínar að fullu. Einnig hefur verið horft til framkvæmdar erlendra tryggingarsjóða, en stuðst var meðal annars við reglur sem breska fjármálaeftirlitið (Financial Supervisory Authority – FSA) hefur gefið út og breska tryggingarsjóðnum (Financial Services Compensations Scheme – FSCS) ber að fara eftir. Þetta á einkum við um kafla V í ákvörðun þessari þar sem farið er yfir ýmis atriði sem tengjast framsali krafna frá innstæðueigendum til TIF og hvernig sambandi milli TIF og innstæðueigenda verður háttað í framhaldi af því framsali.

II. Röð kröfuhafa aðildarfyrirtækja og fjárhæð til greiðslu

Stjórn TIF hefur ákveðið að greiða beri innstæðueigendum Landsbanka Íslands hf. fyrst af þeim aðildarfyrirtækjum sjóðsins sem féllu í kjölfar hruns íslensku bankanna haustið 2008 og síðar.

Ákvörðunin er tekin á grundvelli 1. mgr. 9. gr. itr. Þar er mælt fyrir um að greiðsluskylda TIF verði virk þegar aðildarfyrirtæki er að áliti Fjármálaeftirlitsins (FME) ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár sem viðskiptavinur hefur krafnið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála sem gilda. Greiðsluskylda sjóðsins verður einnig virk ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldprotaskipta.

Samkvæmt 7. gr. ittr. ber TIF að inna greiðslu af hendi eigi síðar en þremur mánuðum eftir að álit FME liggur fyrir, eða úrskurður hefur verið kveðinn upp um töku bús aðildarfyrirtækis til gjaldþrotaskipta. Ráðherra getur við sérstakar aðstæður, að fengnu álitu FME, veitt sjóðnum aukna fresti í þessu skyni. Viðræður íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi sem vörðuðu innstæður á Icesave reikningum Landsbanka Íslands hf. og uppgjör erlendra tryggingarsjóða á þeim kröfum leiddu til þess að frestir voru veittir til greiðslu úr innstæðudeild TIF. Stjórn TIF gerði ráð fyrir að niðurstaða þeirra viðræðna myndi leiða til þess að sjóðnum yrði kleift að greiða innstæðueigendum lágmarkstryggingu. Eftir að lögum um fullgildingu Icesave samninga var synjað staðfestingar af forseta Íslands og felld í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfar þess, er ljóst að nýta verður þá fjármuni sem til staðar eru í sjóðnum til greiðslu til innstæðueigenda að því marki sem þeir hrökkva til.

Hér að neðan er að finna töflu þar sem nánar er afmarkað hvenær álit FME lá fyrir gagnvart einstökum aðildarfyrirtækjum innstæðudeildar eða slíkt aðildarfyrirtæki var tekið til slitameðferðar, eftir því hvort gerðist fyrr. Jafnframt kemur fram hvenær einstök aðildarfyrirtæki voru talin ófær um að inna af hendi andvirði innstæðu til innstæðueigenda.

Tafla 1.1

Fjármálfyrirtæki	Álit FME/slitameðferð	Ógjaldfærni
Landsbanki Íslands hf.	27. október 2008	6. október 2008
Kaupþing banki hf.	30. október 2008	9. október 2008
Glitnir banki hf.	4. nóvember 2008	3. október 2008
Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf.	30. mars 2009	9. mars 2009
Sparisjóðabanki Íslands hf.	8. apríl 2009	21. mars 2009
Spron hf.	8. apríl 2009	21. mars 2009
Sparisjóðurinn í Keflavík	22. apríl 2010	22. apríl 2010
Byr sparisjóður	22. apríl 2010	22. apríl 2010

Þar sem Landsbanki Íslands hf. (LBI) var fyrsta aðildarfyrirtæki sjóðsins til að teljast ófært um að inna af hendi greiðslur á andvirði innstæðu, verðbréfa eða reiðufjár, samkvæmt álitu FME hinn 27. október 2008, verður að greiða innstæðueigendum þess aðildarfyrirtækis þá fjármuni og aðrar eignir sem voru til staðar í sjóðnum þann dag, að teknu tilliti til ávöxtunar þeirra fjármuna til útgreiðsludags. Litið er svo á að greiðsluskylda TIF hafi orðið virk síðar í tilviki annarra aðildarfyrirtækja sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. ittr. skal krafa reiknuð miðað við eign viðskiptamanna aðildarfyrirtækis þann dag sem FME gefur út álit sitt, eða þann dag sem úrskurður er kveðinn upp um töku bús til gjaldþrotaskipta. Miða skal við þann dag sem fyrr kemur upp. Að mati stjórnar TIF er eðlilegt með vísan í þetta ákvæði og almennar reglur kröfuréttarins, að miða við þær eignir sem voru til staðar í sjóðnum á þeim sama tíma þegar greiðslugeta TIF er metin. Iðgjöld sem innheimt voru af aðildarfyrirtækjum á árinu 2009 tóku tillit til þeirrar greiðsluskyldu sem þá var orðin til hjá TIF og þeirrar óvissu sem var til staðar um endurgreiðslur úr þrotabúum

viðkomandi aðildarfyrirtækja. Þá var gert ráð fyrir því að Icesave samningarnir mundu leiða til þess að engar eignir yrðu til staðar í TIF til frambúðar. Iðgjöld voru því innheimt miðað við að TIF ætti engar eignir við upphaf ársins 2009. Sama gildir um þau iðgjöld sem innheimt voru af aðildarfélögum á árinu 2010. Ekki er talið rétt að ráðstafa þeim iðgjöldum sem þannig komu til síðar til að mæta greiðsluskyldu sem varð til vegna atburða sem gerðust árið 2008. Til útgreiðslu til innstæðueigenda LBI koma því allir fjármunir og aðrar eignir innstæðueildar sjóðsins eins og þeir voru hinn 27. október 2008 auk þeirrar ávöxtunar sem þeir fjármunir hafa borið frá þeim tíma.

Greiðslur iðgjalda til TIF mynduðu nýjan sjóð frá og með gjalddaga ársins 2009 og er rétt að líta svo á að þeir fjármunir standi til útgreiðslu fyrir innstæðueigendum fjármálafyrirtækja sem FME lýsti ógjaldfær eftir það tímamark. Við þá fjárhæð bætast síðan þeir fjármunir sem að endingu skila sér til baka úr slitameðferðum LBI, Kaupþings banka hf. (Kaupþing) og Glitnis banka hf. (Glitnir) en svo sem rakið er hér á eftir er mikilli óvissu háð hvort eða hversu mikla fjármuni þar verður um að ræða. Sá sjóður sem þannig myndast stendur þá til ráðstöfunar til þeirra innstæðueigenda annarra fjármálafyrirtækja sem lýst hafa verið ógjaldfær af FME eftir gjalddaga iðgjalda á árinu 2009 eða síðar. Útgreiðslur verða í rétttri tímaröð miðað við atburð sem veldur greiðsluskyldu af hálfu TIF og greitt verður úr sjóðnum að því marki sem unnt er hverju sinni á sama hátt og lýst er að framan.

Fyrir liggur að eigið fé TIF í árslok 2008 nam um 16 milljörðum kr. en kröfur sem gerðar hafa verið á hendur TIF vegna innstæðna á reikningum LBI nema margfaldri þeirri fjárhæð. Ljóst er því að TIF mun ekki geta greitt þá lágmarkstryggingu sem kveðið er á um að sjóðurinn skuli greiða sem nemur jafnvirði EUR 20.887, sbr. umfjöllun í kafla IV hér á eftir. Að mati stjórnar TIF ber að leita allra leiða til að greiða innstæðueigendum LBI svo mikið sem kostur er til að ná þessu lágmarki. Það er því afstaða stjórnar TIF að endurheimtur þær sem fást upp í kröfur TIF við slitameðferð LBI eigi að nota til þess að greiða þeim kröfuhöfum sem ekki hafa fengið lágmarkstryggingu greidda.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. itrl. hefur stjórn TIF heimild til að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til og telji stjórn brýna ástæðu til. Svo sem kunnugt er stóð til að slík lántaka færi fram með Icesave samningum sem komið var á fyrir atbeina íslenskra, hollenskra og breskra stjórnvalda. Forsenda þeirrar lántöku af hálfu TIF var að íslensk stjórnvöld ábyrgðust greiðslu lánsins að því marki sem eignir sjóðsins nægðu ekki til greiðslu. Stjórn TIF telur ekki lengur grundvöll fyrir lántöku af hálfu sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sem á sjóðinn féllu á árinu 2008.

Samkvæmt áætlunum slitastjórnar LBI um endurheimtur eigna bankans er gert ráð fyrir að forgangskröfur fáist greiddar að mestu eða jafnvel öllu leyti. Sú spurning hlýtur að rísa hvað TIF beri að gera við þá fjármuni. Að mati stjórnar TIF er grundvallarskylda sjóðsins að greiða þá lágmarkstryggingu sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. itrl. Rétt er því talið að nota þá fjármuni sem fást munu greiddir við slitameðferð LBI til að inna af hendi viðbótargreiðslu til þeirra innstæðueigenda LBI sem ekki fá lágmarkstrygginguna greidda við fyrstu útgreiðslu úr sjóðnum eða við úthlutun frá LBI. Efnahagsleg niðurstaða af þessari ákvörðun er sambærileg og ef TIF tæki lán, í samræmi við heimild stjórnar TIF í 2. mgr. 10. gr. itrl., til að auka við greiðslur til innstæðueigenda hjá LBI sem nemur þeim endurgreiðslum sem gert er ráð fyrir að heimtar verði við slitameðferð bankans. Ástæða þess að stjórn TIF telur lántöku ekki færa leið er að slík lántaka mundi leiða til vaxtagjalda sem ógerningur er að áætla hver að lokum

yrðu, þar sem ekki er ljóst hvenær greiðslur frá LBI hefjast. Með því að ákveða tvískiptingu greiðslna verður þannig öllum endurheimtum frá LBI ráðstafað til innstæðueigenda sem ekki hafa fengið lágmarkstryggingu greidda.

Afleiðing þessarar ákvörðunar er að engar eignir teljast hafa verið til staðar í TIF þegar álit FME var gefið út um ógjaldfærni Kaupþings. Fyrirséð er því að viðskiptavinir Kaupþings fá ekki greiðslur úr TIF. Þetta veltur þó á hlutfalli endurgreiðslu frá Landsbankans enda kemur ekki til viðbótargreiðslu til innstæðueigenda hjá LBI ef endurgreiðsluhlutfallið nær 100%. Þeir fjármunir sem renna til TIF í því tilfalli standa þá til greiðslu til innstæðueigenda hjá Kaupþingi.

Á sama hátt munu innstæðueigendur hjá Glitni ekki fá greiðslur úr sjóðnum í ljósi þess að engir fjármunir teljast hafa verið til staðar þegar álit FME var gefið út um ógjaldfærni Glitnis. Á sama hátt skiptir máli hvert endurgreiðsluhlutfallið verður frá LBI og Kaupþingi.

Svo sem áður er getið greiddu aðildarfyrirtæki iðgjöld vegna ársins 2009 til sjóðsins og var við ákvörðun þeirra miðað við að ekkert fé væri í sjóðnum. Útreikningum sem lágu til grundvallar ákvörðun um iðgjöld var ekki lokið fyrr en haustið 2009. Iðgjöld voru síðan greidd TIF í október 2009 af hálfu aðildarfyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. itrl. skal greiðslu iðgjalda lokið fyrir 1. mars ár hvert. Rétt er því að líta svo á að eign sjóðsins hinn 1. mars 2009 hafi verið krafa um greiðslu iðgjalda á hendur aðildarfyrirtækjum, þrátt fyrir að endanleg fjárhæð hafi ekki legið fyrir á þeim tíma. Þau iðgjöld sem fengust greidd haustið 2009 verða því notuð til þess að greiða kröfuhöfum þeirra fjármálafyrirtækja sem féllu eftir 1. mars 2009.

Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf. (Straumur) var lýstur ófær um að inna af hendi andvirði innstæðu til innstæðueigenda af hálfu FME hinn 30. mars 2009. Iðgjöld ársins 2009 ætti því fyrst að nýta til greiðslu til innstæðueigenda hjá þeim banka áður en til álita kemur hvort unnt sé að greiða innstæðueigendum annarra aðildarfyrirtækja af þeim fjármunum sem þá töldust til staðar í innstæðudeild TIF.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. itrl. ber aðildarfyrirtækjum að leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu nái heildareign innstæðudeildar TIF ekki lágmarki því sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. itrl., þ.e. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna á næstliðnu ári. Slíkar yfirlýsingar voru gefnar út af hálfu aðildarfyrirtækja síðla árs 2009. Með sama hætti og áður kom fram um kröfur TIF um greiðslu iðgjalda á árinu 2009 er rétt að telja umræddar ábyrgðaryfirlýsingar til eigna sjóðsins þegar kemur að því að meta hversu mikið er unnt að greiða innstæðueigendum Straums eða þeirra fjármálafyrirtækja sem síðar voru lýst ófær um að inna af hendi andvirði innstæðu til innstæðueigenda af hálfu FME. Sú takmörkun er þó á ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt 3. mgr. 6. gr. itrl. að einungis er unnt að krefja um innborgun samkvæmt henni sem nemur einum tíunda af lágmarksstærð sjóðsins en ekki alla fjárhæð ábyrgðaryfirlýsingarinnar.

Svo sem kunnugt er var gerður nauðasamningur við kröfuhafa Straums í júlí 2010, sem fól í sér að forgangskröfur voru greiddar að fullu. Stjórn TIF lítur því svo á að ekki komi til greiðslu úr innstæðudeild vegna þess aðildarfyrirtækis. Ekki hafa verið gerðar kröfur á TIF vegna greiðsluþrots Sparisjóðabanka Íslands hf. annars vegar eða Spron hf. hins vegar. Ekki er því útlit fyrir að þörf verði á að innheimta þær ábyrgðaryfirlýsingar sem gefnar voru út af hálfu aðildarfyrirtækja frá og með árinu 2009 né þau iðgjöld sem greidd voru í sjóðinn haustið 2009 eða síðar.

Á sama hátt verður síðan farið með iðgjöld sem innheimt voru af aðildarfyrirtækjum á árinu 2010 ef á þarf að halda. Iðgjöld þess árs munu því renna til greiðslu til innstæðueigenda Sparisjóðs Keflavíkur og Byrs sparisjóðs hf. eftir því sem þörf kann að vera á, en koma ekki til álita vegna atburða sem urðu á árinu 2009 eða fyrr. Ekki hafa komið fram kröfur á TIF vegna greiðslubrots þessara aðildarfyrirtækja.

III. Tryggðar innstæður

Með innstæðu er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Undanskildar tryggingu eru innstæður í eigu aðildarfyrirtækja, svo og móður- og dótturfyrirtækja þeirra, fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir peningabætti.

Enn er óvissa um það hvort svokölluð peningamarkaðsinnlán og heildsöluinnlán teljist falla undir skilgreiningu hugtaksins innstæðu samkvæmt 3. mgr. 9. gr. itrl. Dómsmál eru nú rekin fyrir Hæstarétti Íslands í kjölfar dóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. apríl 2011 í málum nr. X-22-27/2010 þar sem viðurkennt var að heildsöluinnlán teldust innstæður. Jafnframt hefur ekki fengist úr því skorið fyrir Hæstarétti hvort peningamarkaðsinnlán teljist innstæður, en Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því í dómi frá 22. desember 2010 í máli nr. E-2832/2009.

Ennfremur er óvissa um það hvort kröfur breska tryggingarsjóðsins, FSCS, og hollenska Seðlabankans (De Nederlandsche Bank N.V.), á grundvelli framsala á kröfum innstæðueigenda Icesave reikninganna í Bretlandi og Hollandi, teljist forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti. Dómsmál eru nú rekin fyrir Hæstarétti Íslands í kjölfar dóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá 27. apríl 2011 í málum nr. X-36 og X-37/2010 þar sem viðurkennt var meðal annars að kröfur þessara aðila teldust forgangskröfur.

Vegna þeirrar óvissu sem er um niðurstöðu þessara málaferla er ekki ljóst hverjir eru kröfuhafar á hendur sjóðnum vegna innstæðna hjá LBI eða hvaða fjárhæð unnt verður að greiða til innstæðueigenda.

IV. Hlutfallsleg skipting útgreiðslu

Ljóst er að TIF mun ráðstafa öllum sínum fjármunum við greiðslu til innstæðueigenda hjá LBI og allt útlit er fyrir að ekki séu til nægir fjármunir hjá sjóðnum til að greiða lágmarkstryggingu innstæðu. Lágmarkstrygging innstæðu samkvæmt itrl. er 1,7 millj. kr. en sú fjárhæð er bundin við gengi evru (EUR 20.887) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Verður því vísað til lágmarkstryggingarinnar hér eftir sem EUR 20.887.

Útgreiðslu verður þannig háttáð að TIF greiðir hverjum og einum innstæðueiganda hjá LBI tryggingu allt að lágmarkstryggingu í samræmi við 1. mgr. 10. gr. itrl. Útgreiðslur munu fara fram í íslenskum krónum. Kröfur sem stafa af innstæðum í erlendri mynt verða reiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi þess dags sem álit FME var gefið út. Í tilviki LBI verður því

lokagengi 27. október 2008 notað við útreikning innstæðna. Að sama skapi verður lágmarkstrygging innstæðu umreiknuð í íslenskar krónur miðað við sama dag. Lokagengi (kaupgengi) evru hjá Seðlabanka Íslands þann dag var 151,58 og er íslensk fjárhæð lágmarkstryggingarinnar því kr. 3.166.051. Í ljósi reglna nr. 370/2010 um gjaldeyrismál, sem stöðva tímabundið fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti til og frá Íslandi, verða greiðslur til innstæðueigenda lagðar inn á reikning hjá íslenskri innlánsstofnun að vali hvers og eins. Ef ekki kemur fram sérstök ósk af hálfu innstæðueiganda um það inn á hvaða reikning greiðsluna eigi að leggja, verður hún geymd á sérstökum vörslureikningi hjá TIF þar til greiðslufyrirmæli berast frá kröfuhafa.

Eftir að þær kröfur sem framseldar verða til TIF í kjölfar útgreiðslu sjóðsins fást greiddar við slitameðferð LBI mun sjóðurinn nýta fjárhæðirnar til þess að greiða innstæðueigendum LBI viðbótargreiðslu með sama hætti og áður er lýst, þannig að þeim innstæðueigendum verði greitt sem ekki fengu lágmarkstrygginguna greidda við fyrstu úthlutun og þannig leitast við að tryggja að TIF geti greitt öllum lágmarkstrygginguna.

V. Framsal krafna

Þegar kemur til greiðslu TIF á tryggðum innstæðum yfirtekur sjóðurinn kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi, sbr. 3. mgr. 10. gr. itrl. án tillits til fjárhæðar útgreiðslu. Krafa sjóðsins nýtur réttshæðar í samræmi við 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við gjaldþrotaskipti aðildarfyrirtækis, en ella er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar. Krafa sjóðsins hefur því sömu stöðu þegar kemur að úthlutun eins og innstæður hafa.

Í 3. mgr. 10. gr. itrl. segir: „komi til greiðslu úr sjóðnum yfirtekur hann kröfu kröfuhafa á hendur hlutaðeigandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi.“ Stjórn TIF telur þetta orðalag fela í sér að gert sé ráð fyrir að TIF yfirtaki alla kröfu innstæðueiganda á hendur viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þessi skilningur er rökrétt afleiðing þess að greiðsla frá TIF til innstæðueiganda breytir ekki eðli kröfunnar gagnvart viðkomandi aðildarfyrirtæki. Áfram er um eina kröfu að ræða gagnvart aðildarfyrirtækinu og rétt er að fyrirsvar fyrir hana sé á einni hendi eftir því sem kostur er. Megintilgangur með uppsetningu á tryggingarkerfi er að veita neytendum aðgang að fjármunum sem þeir hafa falið viðskiptabanka varðveislu á í formi innlána. Ekki verður séð að ætlunin hafi verið að innlánseigendur eigi að hagnast á tilvist TIF heldur fá aðgang að fjármunum sínum eða hluta þeirra með skjótari hætti en ella. TIF á að tryggja innstæðueigendum ákveðna lágmarksgreiðslu og ber áhættuna af því hvort viðkomandi aðildarfyrirtæki geti greitt þá fjárhæð til baka sem sjóðurinn hefur þegar greitt innstæðueiganda. Ekki kemur fram í lögum 98/1999 að TIF skuli bera kostnað af því ef endurgreiðsluhlutfall frá viðkomandi aðildarfyrirtæki er lægra en 100% en þó nægilegt til að TIF endurheimti það sem innstæðueigandi hefur fengið greitt frá sjóðnum.

Ekki verður á hinn bóginn talið að TIF eigi að hagnast á framsali kröfu frá innstæðueigendum. Af þessum sökum er rétt að þegar að útgreiðslu frá aðildarfyrirtæki kemur fái TIF alla greiðsluna til sín. TIF greiðir síðan innstæðueiganda það sem honum ber, að frádreginni þeirri fjárhæð sem hann hefur þegar fengið greidda úr sjóðum TIF, sbr. dæmi hér síðar.

Álitaefni getur verið hvort réttur innstæðueiganda til greiðslu úr TIF teljist fallinn niður hafi innstæðueigandi ekki lýst kröfu sinni með réttum hætti gagnvart viðkomandi aðildarfyrirtæki eða þrotabúi þess. Að mati stjórnar TIF ber að horfa til þess að greiðsluskylda TIF stofnast við álit FME eða upphaf gjaldþrotaskipta. Ekki er að finna heimild í lögum til að bera fyrir sig síðari atvik, svo sem kröfulýsingu. Þó er rétt að geta þess að í 5. mgr. 4. gr. itrr., svo sem henni var breytt með reglugerð nr. 983/2008, er kveðið á um að ef bú aðildarfyrirtækis er tekið til gjaldþrotaskipta skuli viðskiptavinir þess lýsa kröfum í búið áður en þeir gera kröfu á sjóðinn. Í tilviki LBI stofnaðist greiðsluskyldan með álit FME hinn 27. október 2008, en upphaf gjaldþrotaskipta í merkingu laganna kom til síðar. Stjórn TIF telur því að ákvæði reglugerðarinnar eigi ekki við í tilviki LBI sem hér er til ákvörðunar. Almennt gera itrl. ráð fyrir því að TIF beri áhættuna af því hvort og að hve miklu leyti útgreidd fjárhæð fæst endurgreidd frá aðildarfyrirtæki eða þrotabúi þess. TIF ber áhættuna af því hvort kröfulýsing hefur tekist og verður öllum innstæðueigendum því greitt úr sjóðum TIF í þessu afmarkaða tilviki.

Ýmis atvik geta haft áhrif á fjárhæð þeirrar greiðslu sem innstæðueigandi fær að lokum í hendur. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. itrl. er TIF heimilt að nýta sér kröfur viðkomandi aðildarfyrirtækis á hendur innstæðueiganda til skuldajafnaðar gegn kröfu um greiðslu á andvirði innstæðu. Stjórn TIF hefur ákveðið að nýta þessa heimild og mun kalla eftir upplýsingum frá viðkomandi aðildarfyrirtæki og innstæðueiganda áður en til útgreiðslu kemur.

Innstæðueiganda getur varðað miklu með hvaða hætti hagsmuna er gætt gagnvart aðildarfyrirtæki eða þrotabúi ef krafa fæst ekki greidd að fullu frá TIF. TIF mun gæta hagsmuna þessara innstæðueiganda með þeim hætti sem sjóðurinn telur réttast hverju sinni að teknu tilliti til kostnaðar og líkinda á að aðgerðir beri árangur. Telji TIF ekki rétt að láta reyna á ágreiningsmál fyrir dómi gagnvart aðildarfyrirtæki eða þrotabúi getur sjóðurinn framselt kröfu aftur til innstæðueiganda, fari hann fram á slíkt framsal. Stjórn TIF telur að skylt sé að framselja kröfu aftur til innstæðueiganda í slíkum tilvikum en þó ekki þann hluta hennar sem TIF hefur greitt innstæðueigandanum.

Sú fjárhæð sem TIF fær greidda upp í hina framseldu kröfu mun samkvæmt framansögðu fyrst koma til frádráttar þeirri lágmarkstryggingu sem TIF greiddi innstæðueiganda. Eftirstöðvarnar verða síðan greiddar til innstæðueiganda. Nokkur dæmi um fyrirkomulagið eru sett fram hér á eftir. Tekið skal fram að tölur og hlutföll eru sett fram í dæmaskyni eingöngu og gefa ekki til kynna væntar endurheimtur.

Dæmi 1:

- a) Innstæðueigandi á EUR 100.000 í innstæðu á reikningi.
- b) Hann fær greidda lágmarkstryggingu að fjárhæð EUR 20.887.
- c) TIF yfirtekur alla kröfu innstæðueigandans að fjárhæð EUR 100.000.
- d) Endurheimtur eru 90% og fær TIF því EUR 90.000 greiddar.
- e) TIF tekur EUR 20.887 af endurheimtunum og er skaðlaus af greiðslu til innstæðueigandans.
- f) TIF greiðir innstæðueigandanum eftirstöðvarnar, eða EUR 69.113.
- g) Innstæðueigandinn fær samtals EUR 90.000 (EUR 69.113 + EUR 20.887) upp í kröfuna. Tjón hans er þá EUR 10.000, en hann er skaðlaus af endurheimtum úr búi aðildarfyrirtækisins (90%).

- h) Innstæðueigandinn fær ekki viðbótargreiðslu frá TIF þar sem hann hefur þegar fengið greidda lágmarkstrygginguna.

Nú liggur fyrir að ekki er unnt að greiða öllum innstæðueigendum LBI lágmarkstryggingu að fjárhæð EUR 20.887 þar sem ekki eru nægilegir fjármunir í sjóðum TIF til að standa undir þeirri fjárhæð. Verður fjármunum sjóðsins þá skipt að rétttri tiltölu á milli innstæðueigenda, en miðað við að enginn fái greitt meira en EUR 20.887.

Dæmi 2:

- a) Innstæðueigandi á EUR 20.000 í innstæðu á reikningi.
- b) TIF getur aðeins greitt innstæðueigandanum EUR 2.000 (10% að rétttri tiltölu).
- c) TIF yfirtekur alla kröfu innstæðueigandans að fjárhæð EUR 20.000.
- d) Endurheimtur eru 90% og fær TIF því EUR 18.000 greiddar.
- e) TIF tekur EUR 2.000 af endurheimtunum og er skaðlaus af greiðslu til innstæðueigandans.
- f) TIF greiðir innstæðueigandanum eftirstöðvarnar, eða EUR 16.000.
- g) Innstæðueigandinn fær samtals EUR 18.000 (EUR 2.000 + EUR 16.000) upp í kröfuna. Tjón hans er þá EUR 2.000, en hann er skaðlaus af endurheimtum úr búi aðildarfyrirtækisins (90%).
- h) Innstæðueigandinn fær síðan viðbótargreiðslu frá TIF. Fjárhæð þeirrar greiðslu verður reiknuð út með sama hætti og áður, þ.e. kröfur verða greiddar að rétttri tiltölu en þó þannig að enginn fái samanlagt hærri greiðslu en EUR 20.887. Eftir greiðslu aðildarfyrirtækis ætti TIF að hafa sömu fjármuni til ráðstöfunar og fyrir fyrstu greiðslu úr sjóðnum og getur því greitt hverjum og einum innstæðueiganda að lágmarki sömu fjárhæð og í fyrstu útgreiðslu, en þó aldrei hærri fjárhæð en svo að innstæðan sé að fullu greidd eða að lágmarksgreiðslu sé náð. Innstæðueigandi í þessu dæmi fær því alla innstæðu bættu, EUR 20.000, þar sem síðari greiðsla til hans verður EUR 2.000.

Dæmi 3:

- a) Innstæðueigandi á EUR 300.000 í innstæðu á reikningi.
- b) TIF getur aðeins greitt innstæðueigendum 10% af innstæðum sem er EUR 30.000. Þar sem ekki er unnt að greiða öllum innstæðueigendum lágmarkstrygginguna fær þessi innstæðueigandi ekki umfram þá fjárhæð og fær því greiddar EUR 20.887.
- c) TIF yfirtekur alla kröfu innstæðueigandans að fjárhæð EUR 300.000.
- d) Endurheimtur eru 90% og fær TIF því EUR 270.000 greiddar.
- e) TIF tekur EUR 20.887 af endurheimtunum og er skaðlaus af greiðslu til innstæðueigandans.
- f) TIF greiðir innstæðueigandanum eftirstöðvarnar, eða EUR 249.113.
- g) Innstæðueigandinn fær samtals EUR 270.000 (EUR 20.887 + EUR 249.113) upp í kröfuna. Tjón hans er þá EUR 30.000, en hann er skaðlaus af endurheimtum úr búi aðildarfyrirtækisins (90%).
- h) Innstæðueigandinn fær ekki viðbótargreiðslu frá TIF þar sem hann hefur þegar fengið greidda lágmarkstrygginguna.

Dæmi 4:

- a) Innstæðueigandi á EUR 23.000 í innstæðu á reikningi.

- b) TIF getur aðeins greitt innstæðueigandanum EUR 2.300 (10% að rétttri tiltölu).
- c) TIF yfirtekur alla kröfu innstæðueigandans að fjárhæð EUR 23.000.
- d) Endurheimtur eru 90% og fær TIF því EUR 20.700 greiddar.
- e) TIF tekur EUR 2.300 af endurheimtunum og er skaðlaus af greiðslu til innstæðueigandans.
- f) TIF greiðir innstæðueigandanum eftirstöðvarnar, eða EUR 18.400.
- g) Innstæðueigandinn fær samtals EUR 20.700 (EUR 2.300 + EUR 18.400) upp í kröfuna. Tjón hans er þá EUR 2.300, en hann er skaðlaus af endurheimtum úr búi aðildarfyrirtækisins (90%).
- h) Innstæðueigandinn fær síðan viðbótargreiðslu frá TIF. Fjárhæð þeirrar greiðslu verður reiknuð út með sama hætti og áður, þ.e. kröfur verða greiddar að rétttri tiltölu en þó þannig að enginn fái samanlagt hærri greiðslu en EUR 20.887. Síðari greiðsla til innstæðueigandans í þessu dæmi verður því aðeins EUR 187, en þá hefur hann fengið innstæðu sína bættu upp að lágmarkstryggingu.

Hafni innstæðueigandi því að framselja kröfu sína til TIF verður þess krafist að hann afsali sér rétti sínum til að fá greiðslu úr sjóðnum. Þeim fjármunum sem kunna að verða eftir í sjóðnum eftir útgreiðslu vegna slíkrar höfnunar verður ráðstafað til annarra innstæðueigenda hjá LBI með sama hætti og áður er rakið.

Hafni innstæðueignandi því að framselja kröfu sína til TIF og neiti að undirrita yfirlýsingu með afsali réttinda á hendur sjóðnum verður litið svo á að vafi sé um hver sé réttur viðtakandi greiðslu. Ekki verður þar með unnt að nota þá fjármuni til greiðslu til annarra innstæðueigenda hjá LBI fyrr en ljóst verður hver á tilkall til þeirra fjármuna sem svo kann að standa á um. Leitast verður við að eyða vafa um þetta með atbeina dómstóla en mögulega þarf að bíða eftir að krafa innstæðueiganda á hendur sjóðnum farnist lögum samkvæmt.

VI. Úrlausn mögulegra ágreiningsmála

Til að ná ágreiningsmálum innstæðueigenda fram sem fyrst, og minnka þar með óvissuna í kringum útgreiðsluferil sjóðsins, er mikilvægt að innstæðueigendur sem telja á sér brotið með þeirri ákvörðun sem hér kemur fram setji fram rökstuddar athugasemdir við hana með skriflegum hætti áður en útgreiðsla hefst í samræmi við ákvörðun þessa. Kröfuhöfum er veittur tveggja mánaða frestur til að setja fram andmæli sín og telst fresturinn byrja að líða frá þeim tíma er ákvörðun þessi er birt á heimasíðu TIF. Komi ekki fram andmæli við ákvörðun þessa mun stjórn TIF halda áfram útgreiðsluferlinu í samræmi við ákvörðunina.

Kröfuhöfum er sérstaklega bent á að greiðsla fjármuna úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun þessari getur leitt til þess að þeir fái ekki greiðslu sem þeir kunna að eiga rétt til í ljósi þess að ekki verða eftir fjármunir í sjóðnum. Einnig er áréttað að samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 10. gr. itrl. verður sjóðurinn ekki krafinn síðar um frekari greiðslu þrátt fyrir að tjón innstæðueigenda hafi ekki verið bætt að fullu. Afar mikilvægt er því að innstæðueigendur sendi TIF athugasemdir svo fljótt sem kostur er ef þeir telja réttindi sín í hættu.

VII. Frestun útgreiðslu

Mikil óvissa ríkir um ýmsa þætti þess útgreiðsluferils sem ákvörðun þessi lýtur að sem áhrif geta haft á að hve miklu leyti TIF er mögulegt að greiða þær kröfur sem hafðar hafa verið uppi á hendur sjóðnum. Þannig er með öllu óljóst hvaða athugasemdir kunna að berast og hvort leitað verði til dómstóla til að fá úr því skorið hvort ákvörðun stjórnarinnar teljist lögmæt. Að sama skapi eru nú þegar rekin ágreiningsmál fyrir dómstólum varðandi það hvort ýmsar innlánstegundir teljist innstæður í skilningi laga.

Stjórn TIF mun taka afstöðu til athugasemda sem kunna að berast við ákvörðun þessa eða einstaka þætti hennar og meta stöðu sjóðsins að því loknu. Útgreiðsla til innstæðueigenda LBI fer ekki fram fyrr en óvissu hefur verið eytt eða hún minnkað þannig að ásættanleg sé fyrir TIF að mati stjórnar.

VIII. Áskilnaður

Stjórn TIF áskilur sér rétt til að breyta ákvörðun þessari í heild eða að hluta með birtingu nýrrar ákvörðunar á heimasíðu sjóðsins.

IX. Tungumál

Ákvörðun þessi er birt á íslensku, ensku, hollensku og þýsku. Ef misræmi reynist á milli íslensk texta og erlends ræður sá íslenski.

X. Áskorun til innstæðueigenda

Stjórn TIF skorar hér með á alla innstæðueigendur að koma með skriflegar og rökstuddar athugasemdir við ákvörðun þessa innan tveggja mánaða frá birtingu hennar. Að öðrum kosti gætu innstæðueigendur glatað rétti til greiðslna sem þeir kunna að eiga vegna tómlætis. Mótmæli sem berast eftir umrætt tímamark verða ekki tekin til skoðunar á vettvangi stjórnar TIF.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 8. september 2011